


12 Arnardalsvirkjun

Jökulsá á Fjöllum er veitt til Kreppu þar sem styst er milli ána sunnan Þorlákslindahryggjar. Þaðan er kvíslunum veitt inn í lón sem myndað er með stíflun Arnardalsár frá Arnardalsöldu austur á Grjót. Vatni er veitt um göng að stöðvarhúsi neðanjarðar við Reykjará með frárennsli út í Jökulsá á Dal innan við Brú í um 350 m hæð. Jökulsá á Dal er stífluð við ármót Hölnár og þar myndað lítið inntakslón í farvegi árinna. Frá því er vatni veitt í göngum að stöðvarhúsi neðanjarðar við Norðurdal í Fljótsdal og frárennislög og skurð til Jökulsár í Fljótsdal í um 30 m y.s. Fyrirkomulag í Fljótsdal er hliðstætt og í Kárahnjúkavirkjun.



Afl 570 MWe, orkugeta 4000 GWh/ár.

FH III/FH IV: Gæði gagna B. FH III: Áhrif 1. Kostnaðarflokkur 2.



Umsögn faghóps I

FH I: Gæði gagna C/C. Jökulsá á Fjöllum Verðmæti/Meðaltal 15,2/8,0. Áhrifaeinkunn 12,3/5,4.



Jökulsá á Fjöllum

Sérstakt mikilvægi

Þjóðgarður: Vatnajökulsþjóðgarður, þ.m.t. Jökulsárgljúfur og Askja.

Friðlönd: Herðubreiðarfriðland, Hvannalindir.

Náttúruminjar: votlendi við Öxarfjörð, Jökulsárgljúfur austan ár, Kverkfjöll og Krepputunga, Fagridalur og Grágæsadalur.

Tegundir á valista: margar fuglategundir á valista, mikið fálkavarp.

Mikilvægar tegundir: mikið varp heiðagæsa í hálendi og grágæsa í Öxarfirði.

Náttúruverndaráætlun 2004-8: tillaga UST um friðland: Öxarfjörður, fjölbreytt votlendi, fágætar plöntur, fuglar.

Náttúruverndaráætlun 2004-8: tillaga UST um stækkun þjóðgarðs: bætt við ræmu austan Jökulsár.

Náttúruverndaráætlun 2004-8: tillaga UST um friðlýsingu Kverkfjalla, Krepputungu & Laugavalladals sem friðlands. Stórbrotið landslag, fjölbreyttar jarðminjar, jarðhiti.

Annað: tvær einlendar tegundir krabbadýra (hellamarflær) báðar nýjar tegundir og önnur ný ætt, fundnar í Jökulsárgljúfrum (*Crymostygius thingvallensis* annar af 2 fundarstöðum) og Herðubreiðarlindum (*Crangonyx islandicus*).

Friðlýstar minjar: útilegumannaminjar í Hvannalindum.

Umsögn faghóps II

FH II: Gæði gagna B/B.

<i>Ferðasvæði</i>	<i>Verðmætamat svæðis vegna ferðaþjónustu og útivistar án virkjunarframkvæmda</i>	<i>Röð</i>
Jökulsárgljúfur	9,6	1
Arnardalur	7,53	39

<i>Staðar-númer</i>	<i>Virkjunarhugmynd</i>	<i>Verðmæti svæðis fyrir virkjunarframkvæmdir</i>		<i>Heildareinkunn áhrifa á beit, veiðar, ferðaþjónustu og útivist</i>	<i>Röð</i>
		til beitar	vegna veiða		
12	Arnardalsvirkjun	6	1	8,27	7

Röðun FH I/FH II: 12.

Könnun verkefnisstjórnar: N0, B2, V10.

Rök fyrir röðun í nýtingarflokk:

Rök fyrir röðun í biðflokk: Verður ekki virkjað ef Helmingsvirkjun byggð.

Rök fyrir röðun í verndarflokk: Breytingar á vatnafari Jökulsár á Fjöllum, þar með Dettifossi, hluti Vatnajökulsþjóðgarðs. Mjög mikil verðmæti í landslagi, víðernum, jarðminjum og lífríki. Virkjun myndi færa merkar menningarminjar og verðmætan gróður á kaf.

Flokkun í þingsályktunartillögu: Verndarflokkur

Rökstuðningur: Vísað til röðunar verkefnisstjórnar (tafla 7.2 í fylgiskjali 1) og könnunar verkefnisstjórnar (fylgiskjal 3).